

DV

SJÓNVARPIÐ

- 17.50 **Sumarglugginn**. Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi.
- 18.45 **Táknmálfréttir**.
- 18.55 **Poppkorn**. Umsjón Stefán Hilmarsson.
- 19.20 **Svarta naðran** (Blackadder). Sjöundi þáttur. Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
- 19.50 **Tommi og Jenni**.
- 20.00 **Fréttir og veður**.
- 20.30 **Grænir fingur (11)**. Þáttur um garðrækt í umsjón Hafsteins Hafliðasonar. Í þessum þætti er staldrað við í garði þeirra Stelli Guðmundsdóttur og Róberts Arnfinnssonar og skoðað í safnhauginn hjá þeim.
- 20.50 **Töfrandi hellaheimur** (Wakulla). Bresk heimildarmynd um neðansjávrahella í Wakulla Springs á Floridaskaga. Þýðandi og þulur Óskar Ingimarsson.
- 21.45 **Einvígi í sólinni** (Duel in the Sun). Bandarískur vestri frá 1946. Leikstjóri King Vidor. Aðalhlutverk Jennifer Jones, Gregory Peck, Joseph Cotten, Walter Huston og Lilian Gish. Ung munaðarlaus stúlka kemur til dvalar á búgarði þar sem búa meðal annars tveir bræður. Þeir fella báðir hug til hennar og á hún erfitt með að gera upp á milli þeirra. Þýðandi Veturlíði Guðnason.
- 23.00 **Ellefurfréttir**.
- 23.10 **Einvígi í sólinni – framh.**
- 23.55 **Dagskrárlok**.

STÖÐ 2

- 16.45 **Santa Barbara**.
- 17.30 **Heljudraumar**. Those Glory Days. Gamansöm fjölskyldumynd. Söguheitan er ung stúlka sem hefur verið veik fyrir fótbóltahejum frá því hún fyrst man eftir sér. Aðalhlutverk Zoe Nathenson, Liz Camion og Cathy Murphyt.
- 18.55 **Myndrokk**. Tónlistarþáttur.
- 19.19 **Fréttir og veður** ásamt fréttatengdum innskotum.
- 20.00 **Sögur úr Andabæ**. Skemmtilegar teiknimyndasögur með íslensku tali fyrir alla aldurs hópa.
- 20.30 **Stöðin á staðnum**. Stöð 2 er á hringferð um landið og eins og okkar er von og visa taka allir okkar áskrifendur þátt í ferðinni með okkur. Við ætlum að byrja í Vestmannaeyjum, spjalla við eyjarskeggja og Begga frænka heilsar upp á krakkana.
- 20.45 **Falcon Crest**. Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
- 21.40 **Þjargvætturinn**. Equalizer. Vinsæll spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Edward Woodward.
- 22.30 **Tíska** Svipmyndir frá því nýjasta í sumartískunni.
- 23.00 **Sögur að handan**. Tales from the Darkside. Spennandi sögur svona rétt fyrir svefninn.
- 23.25 **Kjarmorkusýsið**. Chain Reaction. Spennumynd.
- 00.55 **Dagskrárlok**.

Rás 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir**. Bæn, séra Valgeir Ástráðsson flytur.
- 7.00 **Fréttir**.
- 7.03 **Í morgunsárið**. með Ingvaldi Ólafsdóttur.
- 9.00 **Fréttir**.
- 9.03 **Litli barnatíminn**: Fjallakrílin – óvænt heimsókn eftir lönnu Steinsdóttur. Höfundur byrjar lesturinn. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi**. með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Kristján Guðmundur Angrimsson.
- 10.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir**.
- 10.30 **Þræðir** – Úr heimi bókmenntanna. Umsjón: Simon Jón Jóhannsson. Lesari: Viðar Eggertsson.
- 11.00 **Fréttir**.
- 11.03 **Samhljómur**. Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Verk eftir Báru Grímsdóttur. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 **Fréttayfirlit**. Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Veðurfregnir**. Tilkynningar. Tónlist.

- 13.05 **Í dagsins önn** – Að syngja í kirkjukór. Umsjón: Asdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri.)
- 13.35 **Miðdegissagan**: Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína (14.)
- 14.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 14.05 **Harmóníkupáttur**. Umsjón: Bjarni Marteinnsson. (Endurtekinn þáttur frá sunnudagskvöldi.)
- 14.45 **Íslenskir einsöngvarar og kórar**. Elisabet Eiríksdóttir og Eður A. Gunnarsson syngja íslensk lög.
- 15.00 **Fréttir**.
- 15.03 **Föðmuð af ylstraum á eina hlið**, á aðra af sæferlans harðleikna taki. Ari Trausti Guðmundsson ræðir við Unnstein Stefánsson haffræðing.

- 16.00 **Fréttir**.
- 16.03 **Dagbókin Dagskrá**.
- 16.15 **Veðurfregnir**.
- 16.20 **Barnaútvarpið** – Prakkarastrík. Meðal annars verður fjallað um prakkarastrík barna, fyrr og síðar. Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
- 17.00 **Fréttir**.
- 17.03 **Tónlist eftir Sergei Rachmaninoff**.
- 18.00 **Fréttir**.
- 18.03 **Að utan**. Fréttapáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 **Á vettvangi**. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 3.00) Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir**. Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.30 **Tilkynningar**.
- 19.32 **Kviksjá**. Umsjón: Freyr Þor-móðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
- 20.00 **Litli barnatíminn**: Fjallakrílin – óvænt heimsókn eftir lönnu Steinsdóttur. Höfundur byrjar lesturinn. (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Samtímatónlist**. Umsjón: Sigríður Einarsson.
- 21.00 **Úr byggðum vestra**. Finnþogi Hermannsson staldrar við í byggðum vestra.
- 21.40 **Lútherska fjölskyldan í samfélagi kirknanna**. Sr. Dalla Þórðardóttir á Miklabæ flytur synóduserindi.
- 22.00 **Fréttir**.
- 22.07 **Að utan**. Fréttapáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
- 22.15 **Veðurfregnir**. Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 **Ísland og samfélag þjóðanna**. Fjórði þáttur. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Einnig útvarpað á föstudag kl. 15.03.)
- 23.10 **Djassþáttur**. – Jón Múli Árnason. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 2.05.)
- 24.00 **Fréttir**.
- 00.10 **Samhljómur**. Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Verk eftir Báru Grímsdóttur. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 01.00 **Veðurfregnir**.
- 01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns**.

RÁS FM 90.1

- 7.03 **Morgunútvarpið**. Leifur Hauks-son og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
- 9.03 **Morgunsýrpa**. Eva Ásrún Al-bertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmælikveðjur kl. 10.30. Sérþarfaping með Jó-hönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblóðin kl. 11.55.
- 12.00 **Fréttayfirlit**. Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatíu**. með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartón-list.
- 14.03 **Milli mála**. Árni Magnússon á útklíki og leikur nýju lögin. Veðihornið rétt fyrir fjögur.
- 16.03 **Dagskrá**. Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigríður Þór Salvarsson og Sigríður G. Tómasson. – Kaffispjall og inn-lit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
- 18.03 **Þjóðarsálin**. Þjóðfundur í beinni útsendingu.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.32 **Afram ísland**. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Útvarp unga fólksins**. Við hljóðnemann eru Sigrún Sig-urðardóttir og Atli Rafn Sig-urðsson.
- 22.07 **Á rólinu**. með Önnu Björk Birgisdóttur.
- 01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns**.

- 01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bituð kl. 6.01.)
- 02.00 **Fréttir**.
- 02.05 **Söngleikir í New York** – Litíð næturjód. Árni Blandon kynnir söngleikinn A Little Night Music eftir bandaríska tónskáldið Stephen Sondheim. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
- 03.00 **Á vettvangi**. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson.
- 03.20 **Rómantíski róbotinn**.
- 04.00 **Fréttir**.
- 04.05 **Glefsur**. Úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins.
- 04.30 **Veðurfregnir**.
- 04.35 **Næturnótur**.
- 05.00 **Fréttir af veðri og flugsam-göngum**.
- 05.01 **Afram ísland**. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 06.00 **Fréttir af veðri og flugsam-göngum**.
- 06.01 **Blítt og létt...**

FM 98.9
BYGGJAN

- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðipáttur Þrastar Elliðasonar, með við-tölum og fréttum af veiði.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir**. Valdis er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson**. Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu göðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stend-ur alltaf fyrir sínu.
- 18.10 **Reykjavík síðdegis**. Hvað finnst þér? Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyrnanna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónar-maður er Arnþrúður Karlsdóttir.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson**. Meiri tónlist – minna mas.
- 20.00 **Haraldur Gíslason**. Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalog.
- 24.00 **Næturdagskrá**.

Sigríður
FM 102.2 & 104

- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðipáttur Þrastar Elliðasonar, með við-tölum og fréttum af veiði.
- 9.00 **Margrét Hrafnisdóttir**. Leikir, tón-list og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Margrét leikur nýj-ustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
- 14.00 **Bjarni Haukur Þórsson**. Stjór-nar tónlistinni með duglegri hjálp hlustenda. Ný tónlist situr í fyr-irrúmi. Spjallað við hlustendur, getraunir og leikir. Róleg tónlist kl. 18.10-19.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson**. Meiri tónlist – minna mas.
- 20.00 **Haraldur Gíslason**. Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalog.
- 24.00 **Næturstjórnur**.

RÓT
FM 102.6 & 104

- 9.00 **Rótartónar**.
- 11.00 **Prógramm**. Tónlistarþáttur. E.
- 12.00 **Tónlist**.
- 14.30 **Á mannlegu nótnum**. Flokkur mannsins. E.
- 15.30 **Samtök græningja**. E.
- 16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum**. María Þorsteinsdóttir.
- 16.30 **Umrót**. Tónlist, fréttir og upp-lýsingar um félagslíf.
- 17.00 **Upp og ofan**.
- 18.00 **Elds er þörf**. Umsjón: Vínstrisós-jalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
- 19.00 **Hlustið**. Tónlistarþáttur í umsjá Kristins Pálssonar.
- 20.00 **Fés**. Unglingaþáttur. Umsjón: Hulda og Magnea.
- 21.00 **Í eldri kantinum**. Tónlistarþáttur í umsjá Jóhönnu og Jóns Samúels.
- 22.00 **Við og umhverfið**. Þáttur í um-sjá dagskrárhóps um umhverf-ismál á Útvarp Rót.
- 22.30 **Magnamin**. Tónlistarþáttur með Agústi Magnússyni.
- 23.30 **Rótardraugar**.
- 24.00 **Næturvakt**.

ALFA
FM 102.9

- 17.00 **Blessandi boðskapur** í margvís-legum tónum.
- 20.00 **Vinsældaval Alfa**. Stjórnandi: Jóhanna Benný Hannesdóttir. (Endurtekið næstkomandi laugardag.)
- 22.00 **Blessandi boðskapur** í margvís-legum tónum.
- 24.00 **Dagskrárlok**.

EXTRA

- 7.00 **Hörður Arnarson**.
- 9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie**.
- 11.00 **Steingrímur Ólafsson**.
- 13.00 **Hörður Arnarson**.
- 15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie**.
- 17.00 **Steingrímur Ólafsson**.
- 19.00 **Anna Þorláks/Steinnunn Hall-dórsdóttir**.
- 22.00 **Sigurður Ragnarsson**.
- 1.00– 7 **Páll Sævar Guðjónsson**.

SKY
CHANNEL

- 4.30 **Viðskiptaþáttur**.
- 5.00 **The DJ Kat Show**. Barnaþáttur.
- 7.30 **Panel Pot Pourri**. Spurninga-þáttur.
- 9.00 **The Sullivans**. Framhaldsþátt-ur.
- 9.30 **Sky by Day**. Fréttapáttur.
- 10.30 **A Problem Shared**. Fræðslu-þáttur með ráðleggingum.
- 11.00 **Another World**. Sápúopera.
- 11.55 **General Hospital**. Framhalds-flokkur.
- 12.50 **As the Worlds Turns**. Sápúóp-era.
- 13.45 **Loving**.
- 14.15 **The Lucy Show**. Gamanþáttur.
- 14.45 **The Littles**. Teiknimyndasería.
- 15.00 **Poppþáttur**.
- 16.00 **The Young Doctors**.
- 16.30 **Three's Company**. Gaman-þáttur.
- 17.00 **Sky Star Search**. Hæfileika-keppni.
- 18.00 **Sale of the Century**. Spurn-ingaleikur.
- 18.30 **Hey Dad**. Gamanmyndaflokkur.
- 19.00 **Mr. Belvedere**. Gamanmynda-flokkur.
- 19.30 **Trapper John**. Gamanmynda-flokkur.
- 20.30 **Rush**. Framhaldsmyndaflokkur.
- 21.30 **Jameson Tonight**. Rabbþáttur.
- 22.30 **Top End Down Under**. Ferða-þáttur.

SKY
MOVIES

- 15.00 **Panda and the Magic Serpent**.
- 17.00 **Eleni**.
- 19.00 **Warning Sign**.
- 21.00 **El Condor**.
- 22.45 **Beer**.
- 00.10 **Bloody Mama**.

EUROSPORT

- 9.30 **Frjálsar íþróttir**. Alþjóðleg keppni í Stokkhólmi.
- 10.30 **Hjólreiðar**. Tour de France.
- 11.30 **Golf**. Svipmyndir frá US Mast-ers keppninni.
- 12.30 **Vélhjólaakstur**. Grand Prix keppni í Belgíu.
- 13.30 **Rugby**. Nýja Sjáland gegn Frakklandi.
- 15.00 **Hjólreiðar**. Tour de France.
- 15.30 **Eurosport Menu**.
- 17.00 **Trans World Sport**. Íþróttafrétt-ir.
- 18.00 **Hjólreiðar**. Tour de France.
- 18.30 **Dýfingar**. Kínverskar konur stinga sér.
- 19.00 **Golf**. Frá US Seniors keppninni.
- 20.00 **Knattspyrna**. Riðlakeppni heimsmeistarakeppninnar.
- 21.00 **Frjálsar íþróttir**. Alþjóðleg keppni frá Berlín.
- 22.30 **Hjólreiðar**. Tour de France.

SUPER
CHANNEL

- 13.30 **Poppþáttur**.
- 14.30 **Hotline**.
- 16.30 **Transmission**. Popp í Eng-landi.
- 17.30 **Richard Diamond**. Sakamála-myndaflokkur.
- 18.00 **That Uncertain Feeling**. Kvik-mynd.
- 19.30 **Euromagazine**. Fréttapáttur.
- 19.50 **Fréttir og veður**.
- 20.00 **Burke's Law**. Spennumynda-flokkur.
- 20.55 **Barnaby Jones**.
- 21.50 **Fréttir, veður og popptónlist**.

Miðvikudagur 5. júlí

Rás 1 kl. 22.30:

Ísland og sam-félag þjóðanna

Þetta er fjórði þátturinn í þáttaröð undir þessu nafni. Í þættinum verður fjallað um íslenskt þjóðerni, þjóðarsál og þjóðernisvitund. Fer þjóðernisvitund okkar dvínandi á tímum aukinnar alþjóðahyggiu? Eru börnin okkar að týna nið-ur málinu og mengast tungutak þeirra af vaxandi áhrifum erlendra mála og hvað má þá til varnar verða vorum sóma. Eru bókmenntir og þjóðtunga ekki lengur sú kjölfesta íslenkrar þjóðmenningar sem verið hefur um aldir? Eru Andrés önd og Batman komnir í stað Gunnars og Njáls? Hvernig lögum við okkur að breyttum hugsunarhætti sam-tímans. Umsjónarmaður þáttanna er Einar Kristjánsson.

-Pá



Sjónvarp kl. 20.50:

Wakulla neðan-sjávarhellirinn

Wakulla neðansjávarhellirinn í Florida hefur lengi verið mönnum ráðgáta. Hann er dýpsti og stærsti neðansjávar-hellir sem vitað er um og í þessari heimildarmynd er fjallað um leiðangur sem farinn var niður í hellinn til þess að kanna hann til hlítar.

Hellirinn nær niður á mikið dýpi eða um 1500 metra og því var komið upp búðum í miðjum hellinum þar sem kafar-ar gátu hvílst og forðast kafaraveikina illræmdu. Þeir dvöldu allt upp í 12 stundir í einu í þessum búðum.

Myndin lýsir margvíslegum erfiðleikum sem leiðangurs-menn undir stjórn dr. Bill Stone áttu við að etja en einnig er lýst sérstæðu lífríki hellisins en þar er að finna margt furðulegt. Þar lifa til að mynda blindir fiskar sem virðast lifa allt að tíu sinnum lengur en sams konar sjáandi fiskar utan hellisins.

-Pá



Gregory Peck var eins og fiskur í vatni í hlutverki kúrek-ans byssuglaða í fjölmörgum vestrum sem hann lék í.

Sjónvarp kl. 21.45:

Einvígi í sólinni

Hér er á ferð tröllaukinn vestri sem markaði tímamót á ferli bæði leikstjóra og framleiðanda myndarinnar. David O. Selznick framleiðandi ætlaði með þessu að skapa stór-mynd í svipuðum klassa og Á hverfanda hveli. Það tókst kannski ekki alveg en þessi 43 ára gamla mynd hefur stað-ist tímans tönn með nokkrum þokka.

King Vidor var leikstjóri ásamt öðrum og er umrædd mynd talin vera hápunkturinn á ferli hans sem spannaði 40 ár frá 1919 til 1959. Helstu hlutverk eru í höndum Jenni-fer Jones, Gregorys Peck, Josephs Coton og Lionels Barry-more.

Myndin fjallar um stúlku af indíánaættum sem veldur blóðugu uppgjöri milli tveggja bræðra en þeir verða báðir ástfangnir af henni. Lokaatriðið vakti mikið umtal og at-hygli á sínum tíma og þótti djarft og glæsilegt.

Kvikmyndahandbók Halliwell's gefur myndinni heilar þrjár stjörnur og ætti það að vera trygging fyrir þokkalegri skemmtan.

-Pá